

Ársskýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2018.

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu Björg Thorarensen, stjórnarformaður, og Pétur Dam Leifsson af hálfu Háskóla Íslands, Sturla Sigurjónsson og Matthías G. Pálsson af hálfu utanríkisráðuneytisins, en Finnur Þór Birgisson leysti Matthías af hólmi 27. ágúst, og Brynhildur Benediktsdóttir og Arnór Snæbjörnsson af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar.

Hafréttarstofnun veitti styrki til íslenskra þátttakenda og þátttakenda frá þróunarlöndum í námskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti sem haldið var 1. – 20. júlí í ár. Hafréttarstofnun vetti þremur Íslendingum, Hrannari Má Ásgeirssyni, Ragnari Þorvarðarsyni og Svövu Pétursdóttur, styrki til þátttöku í námskeiðinu. Enn fremur veitti stofnunin fjórum einstaklingum frá þróunarlöndum, Brasilíu, Kenía, Kaledóníu og Samóa, styrki til þátttöku í námskeiðinu en þróunarsamvinnuskrifstofa utanríkisráðuneytisins veitti sérstakt framlag vegna tveggja síðastnefndu styrkjanna.

Hafréttarstofnun á aðild að Ródos-akademíunni og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í annarri viku námskeiðsins í ár.

Hafréttarstofnun efndi ásamt Hafmálastofnun Suður-Kóreu (Korea Maritime Institute, KMI) til alþjóðaráðstefnu um hafréttarmál í Veröld, HÍ, dagana 28.-30. júní. Yfirskrift ráðstefnunnar, sem einnig naut stuðnings Norrænu ráðherranefndarinnar, ríkisstjórnar Hollands og K.G. Jebsen Centre for the Law of the Sea í Tromsø, var "New Knowledge and Changing Circumstances in the Law of the Sea". Alls sóttu 127 manns ráðstefnuna frá 45 löndum.

Á fjórða tug sérfræðinga flutti erindi í átta pallborðum á ráðstefnunni. Annars vegar var fjallað um málefni þar sem þekkingu hefur fleygt mjög fram og skilningur aukist frá þeim tíma sem hafréttarsamningurinn frá 1982 var gerður en hins vegar lögð áhersla á málefni hafréttarins þar sem grundvallarbreytingar eru að eiga sér stað vegna hnattrænnar hlýnunar.

Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, setti ráðstefnuna. Á meðal ræðumanna voru heimsþekktir sérfræðingar en fjórir Íslendingar fluttu erindi á ráðstefnunni, þau Guðmundur Eiríksson, Helga Guðmundsdóttir, Jóhann Sigurjónsson og Snjólaug Árnadóttir, auk þess sem Aðalheiður Jóhannsdóttir stýrði pallborði. Forstöðumaður Hafréttarstofnunar stýrði ráðstefnunni.

Hafréttarstofnun veitti níu einstaklingum frá þróunarlöndum styrki til þátttöku í ráðstefnunni, frá Argentínu, Fídjí-eyjum, Jamaíka, Madagaskar, Maldíveyjum, Míkrónesíu, Samóa, Seychelleseyjum og Víetnam, en þróunarsamvinnuskrifstofa utanríkisráðuneytisins veitti sérstakt framlag í þessu skyni.

Í kjölfar ráðstefnunnar var gefin út ítarleg skýrsla með útdrætti af erindum á ráðstefnunni. Auk þess er unnið að útgáfu bókar með greinum ræðumanna á ráðstefnunni. Frekari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á heimasíðu hennar, IcelandKMIConference2018.com.

Forstöðumaður Hafréttarstofnunar þáði boð um að halda kennslufyrirlestra á sviði hafréttar í eftirfarandi stofnunum á árinu: Háskóli Íslands, lagadeild, Reykjavík, í mars; IFLOS Summer Academy, Hamborg, Þýskalandi, í júlí; Yeosu Academy of the Law of the Sea, Yeosu, Suður-Kóreu, í ágúst.

Forstöðumaður þáði boð um þátttöku í eftirfarandi akademískum ráðstefnum á árinu þar sem hann hélt fyrirlestra um málefni á sviði hafréttar: IFLOS Maritime Talks, Migrants at Sea – Practical and Legal Aspects of the Refugee Situation in the Mediterranean, International Tribunal for the Law of the Sea, Hamborg, Þýskalandi, í mars; 112th Annual Meeting of the American Society of International Law, Washington DC, Bandaríkjunum, í apríl; Workshop, Beyond the Joint Development Agreement, Nottingham Trent University, Bretlandi, í maí; UNCLOS and Modern Challenges in the Law of the Sea, Matrix Chambers and Fietta LLP, London, Bretlandi, í nóvember.

Loks skal þess getið að á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í auðlindarétti við deildina.